

Stjórnarfundur SKL

Haldinn á Hótel Holti, kl. 08:30, 01.09.2011

Mætt voru Hilmar Oddsson, Friðrik Þór Friðriksson, Ragnar Bragason, Silja Hauksdóttir og Óskar Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.
2. Rætt um mál Friðriks Guðmundssonar, stjórnin er sammála um að hann hefur ekki kröfu á IHM peninga lengra aftur í tímann en félagsmenn SKL.
3. Endurskoðun á lögum um endurgreiðslu frá ríkinu; formanni er falið að vera í samráði við formenn hinna fagfélaganna.
4. Aðalfundur FERA, staðfest að stjórnin er sammála um að Hilmar Oddsson fari sem fulltrúi félagsins.
5. Martin Daniel, komið hefur í ljós að hann verður ansi dýr, samþykkt að Silja og Friðrik sundurliði kostnaðinn og reyni að fá Laufeyju til að styrkja SKL um helming. Þáttakendur mundu síðan borga 40.000 per handrit, þannig að félagið ætti ekki að þurfa að bera of mikinn kostnað. Ef utanfélagsmenn sýna áhuga á að taka þátt, þá mundu þeir greiða helmingi hærra þáttökugjald, þ.e. 80.000. Talað um að samþykkja að halda workshoppið í lok nóvember. Æskilegt að rukka 20.000 inn sem staðfestingargjald. Engar takmarkanir á lengd treatmenta eða handrita.
6. Stjórnin telur að það nægi félaginu að halda utan um workshop Martin Daniel að svo stöddu; ákveðið að láta vinnbúðirnar, sem rætt hefur um, bíða fram yfir áramót.

Ritari var Óskar Jónasson.